

Tónleikar í Tripoli-leikhúsinu

Adolf Busch

Strengjasveit Tónlistarfjeldagsins
og
Dr. Victor Urbantschitsch

Upptökur Ríkisútvarpsins frá tónleikum
1. og 2. september 1945

fluttar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar
15. maí 2022 kl 17:00

Adolf Busch kom til Íslands 1945 í boði Tónlistarfélagsins í Reykjavík, vafalaust í gegnum hina þýsku og austurrísku listamenn sem voru hér þá. Hann hélt ferna tónleika í Reykjavík, tvenna með Árna Kristjánssyni píanóleikara og þá síðustu, sem hann varð að endurtaka vegna aðsóknar, með Strengjasveit Tónlistarfélagsins. Ríkisútvarpið hljóðritaði þá tónleika á lakkplötur og hefur Hreinn Valdimarsson náð að afrita þær, hljóðhreinsa og vista á varanlegu formi.

Adolf Busch fæddist í Þýskalandi 1891, nam í Köln og Bonn og fékk konsertmeistarastöðu í Vín 1912. Þar var hann fram til 1918 að hann þáði stöðu við Ríkisháskólann í Berlín. Árið 1922 sagði hann lausum öllum embættum og kennslustörfum til að geta eingöngu gefið sig að hjómleikum og fluttist til Darmstadt. Hann stofnaði hinn þekktu Busch kvartett 1919 og síðar kammersveit sem talinn er fyrirmynd nútíma kammersveita.

Pó Adolf væri ekki af gyðingaættum og mjög vinsæll í Þýskalandi taldi hann sig ekki geta með góðri samvisku búið þar, vegna uppgangs nazista og fluttist til Basel í Sviss árið 1927 og fékk síðar svissneskt ríkisfang. Hann hélt þó áfram að halda tónleika í Þýskalandi allt til 1. apríl 1933, en þann dag hófu nazistar markvissa árás á fyrirtæki gyðinga. Þá aflýsti hann öllum tónleikum sínum í Þýskalandi. Tilraunir Hitlers til að lokka hann til baka, þennan „mesta þýska fiðluleikara veraldar“, báru ekki árangur. Við upphaf heimsstyrjaldarinnar síðari flutti Adolf Busch til Vermont í Bandaríkjunum og félagarnir í Busch kvartettinum með honum.

Í Bandaríkjunum náði Busch aldrei að endurheimta þá hylli sem hann hafði notið í Evrópu. Þarlendur áheyrendur heilluðust af yngri og glæsilegri listamönnum eins og Jascha Heifetz og fannst stíll Busch ef til vill gamaldags.

Efnisskrá

J.S. Bach

Fiðlukonsert í a moll BWV 1041

Allegro moderato

Andante

Allegro assai

Sónata í C dúr BWV 1005

Adagio

Fuga

Largo

Allegro assai

Fiðlukonsert í E dúr BWV 1042

Allegro

Adagio

Allegro Assai

aukalög

úr Partítu í d moll BWV 1004

Sarabanda

Giga

Adolf Busch er minnst, annars vegar sem afburða fiðluleikara og tónskálds, og hins vegar var hann talinn tákngerfingur siðferðis á þrautatímum í Evrópu. Hann var talsmaður hins sígilda þýska fiðluleiks og sem leiðari Busch kvartettsins og annarra kammerhljómsveita, lagði Busch áherslu á tónlistina fram yfir glæsileik og sýndarmennsku. Titillinn á ævisögu hans eftir Tully Potter sem kom út árið 2010 segir mikið um þennan listamann: „Adolf Busch: The Live of an honest Musician“.

„Hann hefur hina verklegu tækni svo fullkomlega á valdi sínu, svo að leiknin er alveg viðstöðulaus og afburða mikil, en hann skartar ekki með því skrauti, sem mörgum fiðlusnillingum er gjarnt á að tildra, oftast á kostnað tónskáldanna, en sjálfum sér til framdráttar hjá áhrifagjörnum áheyrendum, sem hættir við að meta gljáann meira en dýptina. Að lokum vil ég taka það fram, að það eru alkunn sannindi, að persónuleiki listamannsins flýtur með í list hans, þannig að mikill listamaður er ekki einungis galdrameistari á sviði tækninnar, hann er einnig mikill persónuleiki búinn góðum gáfum og mannkostum, því að göfgin í listinni sprettur upp úr djúpi sálarinnar og gæðum hjartans. Fyrir mér er Adolf Busch fremsti túlkandi klassískrar listar á sínu sviði fyrir þessa eiginleika sína.“

Pannig skrifar „B.A.“ um fyrstu tónleika Adolf Busch í Vísi 24. ágúst 1945